

## Nákvæmt orðalag lagabreytinganna (í lagagreinaröð)

Hér á eftir fara helstu breytingarnar á knattspyrnulögunum. Við hverja breytingu er fyrra orðalagið birt (þar sem það á við) og síðan nýja/breytta/viðbótar orðalagið strax á eftir ásamt skýringu á breytingunni.

Textinn sem sýndur er sem "gamli textinn" kann að vera nákvæmt orðalag hans eða einfaldari úrdráttur úr merkingu hans.

### Heimiluð frávík

#### Viðbótartexti

.....knattspyrnusamböndum aðildarþjóðanna (og álfusambandanna og FIFA) er nú heimilt að aðlaga allar eða sumar eftirfarandi "skipulagsgreina" laganna sem þau bera ábyrgð á: (...)

**Varðandi keppni á öllum stigum nema hjá mfl. liða í efstu deild eða keppni 'A' landsliða:**

- fjöldi heimilaðra innáskiptinga; hvoru liði er heimilt að skipta inn á allt að fimm varamönnum, nema í knattspyrnu barna og unglunga þar sem heimilaður hámarksfjöldi er ákveðinn af viðkomandi knattspyrnusambandi, álfusambandi eða FIFA.

#### Skýring

Á ársfundi IFAB 2017 var samþykkt umtalsverð breyting á lögunum í þeim tilgangi að auka möguleikana til þátttöku, en það hafði óvart í för með sér að minnka heimilaða þátttöku í nokkrum löndum sem þegar höfðu heimilað sjö innáskiptingar í leikjum barna og unglunga. Þessi breyting heimilar því að fleiri en fimm innáskiptingar séu notaðar í leikjum barna og unglunga.

### Heimild til frekari frávika

#### Viðbótartexti

Knattspyrnusamböndin ákveða sjálf hvernig lögin eru aðlöguð í hinum ýmsu mótum/keppnum- ekki er þörf á að aðlögun laganna nái til þeirra allra eða að þau séu öll aðlöguð eins. Hins vegar öll frekari aðlögun laganna óheimil án samþykkis IFAB.

#### Skýring

IFAB getur í undantekningartilfellum veitt heimild til frekari frávika.

### Leiðbeiningar um tímabundnar brottvísanir (skammarkrök)

#### Tímabundnar brottvísanir - (Útgáfa B)

#### Viðbótartexti

- Leikmaður sem hlýtur aðra tímabundna brottvísun skal fullnusta þá refsingu og tekur að því loknu ekki frekari þátt í leiknum. Varamaður má leysa hann af hólmi að lokinni seinni tímabundnu refsingunni svo fremi sem lið hans hefur ekki þegar notað allar sínar heimiluðu skiptingar, en enginn má koma inn á í stað leikmanns sem þegar hefur einnig hlotið hefðbundna áminningu (gult spjald).

## **Skýring**

Ef leikmaður hlýtur tvær tímabundnar brottvísanir má skipta leikmanni inn á fyrir hann í lok seinni brottvísunarinnar. Ef hann, hins vegar, hefur einnig hlotið hefðbundna áminningu (gult spjald og þar með ígildi 3ja gultra spjalda) má enginn koma inn á í hans stað.

## **1. grein - Leikvöllurinn**

### **Völlurinn - skýringarmynd**

#### **Viðbótartexti neðan við mynd**

- [Mælt er frá ytri brúnum línanna enda tilheyra þær þeim svæðum sem þær afmarka.](#)
- [Mælt er frá miðju vítapunktsins að brún marklínunnar nær marknetinu.](#)

## **9. Boðvangurinn**

### **Viðbótartexti**

Boðvangurinn á við um leiki sem fara fram á leikvöllum þar sem er að finna ákveðið svæði með sætum fyrir forráðamenn liða, varamenn [og leikmenn sem skipt hefur verið af velli](#), eins og lýst er hér að neðan:

## **Skýring**

Ákvæði um að leikmenn sem skipt hefur verið út af megi vera á boðvangi.

## **3. grein - Leikmennirnir**

### **2. Fjöldi skiptinga - Opnber mót**

#### **Viðbótartexti**

Mótareglur skulu kveða á um:

- hversu marga varamenn megi tilnefna, frá þremur upp í tólf hið mesta.
- [hvort nota megi einn varamann til viðbótar þegar leikur er framlengdur \(hvort sem liðið hefur þá þegar notað heimilaðan fjölda skiptinga eða ekki\).](#)

## **Skýring**

Tilraunir sem staðið hafa yfir sl. tvö ár með fjórðu skiptinguna í framlengdum leikjum hafa heppnast vel. Óháð því hversu margar skiptingar eru heimilaðar í venjulegum leiktíma gefur þessi breyting mótshöldurum heimild til þess að að bæta við einni innáskiptingu til viðbótar í framlengingu.

### **2. Fjöldi skiptinga - Aðrir leikir**

#### **Gamli textinn**

Í leikjum 'A' landsliða má nota sex varamenn hið mesta.

#### **Nýi textinn**

Í leikjum 'A' landsliða [má að hámarki tilgreina tólf varamenn á leikskýrslu](#), en af þeim má nota sex hið mesta.

## **Skýring**

Áréttar að í vináttuleikjum 'A' landsliða má að hámarki tilgreina tólf varamenn á leikskýrslu. Þetta er í samræmi við þær takmarkanir sem gilda í mótaleikjum og kemur í veg fyrir skort á sætum innan boðvangsins.

## 4. grein – Búnaður leikmanna

### 4. Annar búnaður - Rafræn samskipti

#### Gamli textinn

Leikmönnum (...).

Notkun forráðamanna á hvers konar rafrænum samskiptabúnaði er óheimil, nema þar sem málið snýst um velferð eða öryggi leikmanna.

#### Nýi textinn

Leikmönnum (...).

Notkun forráðamanna á hvers konar rafrænum samskiptabúnaði er óheimil, nema þar sem málið snýst um velferð eða öryggi leikmanna, eða af taktískum/þjálfunar ástæðum, en þá einungis með litlum lófatölvum eða öðrum þráðlausum búnaði (t.d. míkrofón, heyrnartólum, tæki í eyra, "smart"síma, "smart"úri, spjaldtölvu eða fartölvu). Forráðamanni liðs sem notar óheimilan búnað eða hegðar sér á óviðeigandi hátt í tengslum við notkun rafræns samskiptabúnaðar verður vísað burtu úr boðvanginum.

#### Skýring

Þar sem ógerningur er að koma í veg fyrir samskipti til/frá boðvöngunum, auk þess sem eðlilegt hlýtur að teljast að miðla upplýsingum tengdum þjálfun/taktík eða velferð leikmanna til boðvangsins (en ekki þó ákvörðunum dómara), er áherslunni beint að hegðuninni í tengslum við notkun slíks samskiptabúnaðar.

### 4. Annar búnaður - Rafrænn búnaður til mælinga á frammistöðu og staðsetningum (EPTS)

#### Viðbótar- (og breyttur) texti

Þar sem leikmenn bera á sér tæknibúnað sem tengist rafrænum frammistöðu- og staðsetningarbúnaði (EPTS) í opinberum mótaleikjum skipulögðum undir lögsögu FIFA, álfusambandanna eða knattspyrnusambanda aðildarþjóðanna, ber mótshaldaranum að ganga úr skugga um að tækjabúnaðurinn sem tengdur er búningi leikmannsins, sé ekki hættulegur og að hann sé þannig merktur:



Þetta merki gefur til kynna að búnaðurinn hafi verið prófaður opinberlega og að hann standist lágmarksöryggiskröfur IMS (Staðal Alþjóðaleikja) sem FIFA hefur þróað og hlotið hefur samþykki IFAB. Stofnanir sem framkvæma þessar prófanir eru háðar samþykki FIFA.

Þar sem rafrænn búnaður til mælinga á frammistöðu og staðsetningum (EPTS) er notaður (háð samþykki viðkomandi meðlimasambands/mótshaldara) ber mótshaldaranum að ganga úr skugga um að upplýsingarnar og gögnin sem send eru úr EPTS-búnaðinum til boðvangsins á meðan á leik stendur í opinberum mótaleikjum séu áreiðanlegar og nákvæmar.

FIFA hefur þróað fagstaðal, sem hlotið hefur samþykki IFAB, til þess að styðja mótshaldara í því samþykktarferli sem ganga þarf í gegnum til þess að fá áreiðanleika og nákvæmni EPTS-búnaðarins staðfestan. Þessum fagstaðli verður komið á smám saman á

tímabilinu til og með 1. júní 2019. Eftirfarandi merki gefur til kynna að EPTS-búnaðurinn/kerfið hafi verið prófaður opinberlega og að hann standist þær kröfur sem gerðar eru hvað varðar áreiðanleika og nákvæmni staðsetningargagna í knattspyrnu:



### **Skýring**

Útlistar þær breytingar sem gerðar eru á notkun of EPTS-gagna og þróun gæðastaðals FIFA.

## **5. Slagorð, yfirlýsingar, tákn og auglýsingar**

### **Viðbótartexti**

#### **Meginreglur**

- 4. grein á við um allan búnað (þ.m.t. fatnað) sem leikmenn, varamenn og leikmenn sem skipt hefur verið af velli klæðast. Sem meginregla á greinin einnig við um alla forráðamenn liðanna á boðvangi.
- Eftirfarandi er (oftast) heimilt:
  - númer leikmannsins, nafn, merki/lógó félagsins, hvatningar slagorð/merki til kynningar á knattspyrnuíþróttinni, háttvísi og heiðarleika, auk auglýsinga í samræmi við mótareglur, eða reglugerðir knattspyrnusambandanna, álfusambandanna eða FIFA.
  - staðreyndir um leikinn: félögin, dagsetning, mót/viðburður, leikvangur.
- Heimiluð slagorð, yfirlýsingar eða tákn mega einungis vera framan á peysunni og/eða á armböndum.
- Í sumum tilfellum getur verið um að ræða að slagorðin, yfirlýsingarnar eða táknin komi einungis fram á fyrirlíðabandinu.

#### **Túlkun lagagreinarinnar**

Þegar mat er lagt á hvort slagorð, yfirlýsingin eða táknið sé leyfilegt ber að hafa **12. grein (Leikbrot og óviðeigandi hegðun)** í huga, sem felur dómáranum að grípa til aðgerða gegn leikmanni sem gerist sekur um:

- að nota særandi, móðgandi eða svívirðilegt orðbragð og/eða látbragð.
- að beita ögrandi, niðrandi eða æsandi látbragði.

Slagorð, yfirlýsingar eða tákn sem falla undir þessar skilgreiningar eru óheimil.

Þó tiltölulega auðvelt sé að skilgreina hvað telst vera 'trúarlegt' og 'persónulegt', er hvað telst vera 'pólítískt' óskýrara, en slagorð, yfirlýsingar og tákn sem tengjast eftirfarandi eru ekki heimil:

- einstaklingi(um), lifandi eða látnum (nema að það tengist opinberu heiti mótsins).
- sérhverjum héraðsbundnum-, svæðisbundnum- landsbundnum- eða alþjóðlegum stjórnmalaflokki/samtökum/hópi o.s.frv.

- [sérhverjum héraðsbundnum-, svæðisbundnum, eða landsbundnum yfirvöldum, stofnunum þeirra, skrifstofum eða verkefnum.](#)
- [sérhverjum samtökum sem fara í manngreinarálit.](#)
- [sérhverjum samtökum sem eru líkleg til að móðga umtalsverðan hóp fólks með stefnu sinni eða aðgerðum.](#)
- [sérhverri pólitískri athöfn/viðburði.](#)

[Þegar minnst er mikilvægra þjóðlegra eða alþjóðlegra atburða, ber að hafa vandlega í huga áhrif þess á viðkvæmar tilfinningar liðs mótherjanna \(þ.m.t. aðdáenda þeirra\) og almennings alls.](#)

[Mótareglur kunna að kveða á um frekari takmarkanir/hömlur, sérstaklega hvað varðar stærð, fjölda og staðsetningu heimilaðra slagorða, yfirlýsinga og tákna. Mælt er til þess að leyst verði úr ágreiningi tengdum slagorðum, yfirlýsingum eða táknum fyrir upphaf leiks/móts.](#)

### ***Skýring***

Þessar leiðbeiningar eru ætlaðar til hjálpar mótshöldurum, knattspyrnusamböndum, álfusamböndum og FIFA við að ákveða hvað megi vera sýnilegt á búnaði leikmanna.

## **6. Brot og refsíákvæði**

### **Viðbótartexti**

(...)

*Ef leikmaður kemur inn á leikvöllinn án leyfis dómars skal hann áminntur, en sé leikur stöðvaður til þess að veita áminninguna skal leikur hafinn að nýju með óbeinni aukaspyrnu sem tekin skal frá þeim stað þar sem boltinn var þegar dómari stöðvaði leikinn, [nema hann hafi truflað leikinn, en þá skal dæma beina aukaspyrnu \(eða vítaspyrnu\) frá þeim stað sem truflunin átti sér stað.](#)*

### ***Skýring***

Skýrir hvernig hefja skuli leik ef leikmaður kemur aftur inn á leikvöllinn án leyfis og truflar leikinn (í samræmi við ákvæði 3. greinar).

## **5. grein - Dómarinn**

### **5. Búnaður dómara - Annar búnaður**

### **Viðbótartexti**

(...)

*Dómurum og ['innanvallar'](#) aðstoðarteymi hans er óheimilt að bera skartgripa eða hvers konar annan rafrænan búnað, [þ.m.t. myndavélar.](#)*

### ***Skýring***

Áréttar að dómarar og aðrir í ['innanvallar'](#) aðstoðarteymi hans megi ekki bera á sér eða nota myndavélar (vídeóaðstoðardómararnir teljast til ['utanvallar'](#) aðstoðarteymis).

## 7. grein - Leiktíminn

### 2. Leikhlé

#### Viðbótartexti

Heimilt er að gera stutt drykkjarhlé (sem má ekki vara lengur en eina mínútu) í hálfleik framlengingar.

#### Skýring

Til þess að koma í veg fyrir að drykkjarpásur breytist í langa "töflufundi" og auglýsingahlé er lengd pásanna takmörkuð/skilgreind. Þessar hömlur eiga ekki við um 'kælingarhlé' af læknisfræðilegum ástæðum.

### 3. Viðbótartími

#### Viðbótartexti

Dómarinn skal bæta við í hvorum hálfleik fyrir sig öllum tíma sem tapast vegna:

(...)

- stöðvunar leiks fyrir drykkjarpásur (sem mega ekki vara lengur en eina mínútu) eða annarra læknisfræðilegra ástæðna sem mótareglur heimila.

#### Skýring

Áréttar að bætt skuli við tíma vegna tafa við drykkjarpásur.

## 10. grein - Hvernig úrslit leikja ráðast

### 3. Vítaspyrnukeppni - Framkvæmd

Núverandi framkvæmd vítaspyrnukeppni eins og henni er lýst í **10. grein - Hvernig úrslit leikja ráðast** gildir áfram, með neðangreindum breytingum bláletruðum:

#### Áður en vítaspyrnukeppnin hefst

- (...)
- Dómarinn varpar síðan hlutkesti á ný og liðið sem vinnur hlutkestið ákveður hvort það taki fyrstu eða aðra spyrnuna.
- Liðið sem tekur fyrstu spyrnuna kallast lið A; liðið sem tekur aðra spyrnuna kallast lið B.
- (...)

#### Á meðan á vítaspyrnukeppninni stendur

Bæði liðin skulu taka fimm spyrnur samkvæmt fyrirkomulaginu sem lýst er hér að neðan:

- Spyrnurnar eru teknar þannig að eftir fyrstu spyrnuna skiptast liðin á eftir hverjar tvær spyrnur:
  - 1. spyrna – Lið A      2. spyrna – Lið B
  - 3. spyrna – Lið B      4. spyrna – Lið A
  - 5. spyrna – Lið A      6. spyrna – Lið B
  - 7. spyrna – Lið B      8. spyrna – Lið A
  - 9. spyrna – Lið A      10. spyrna – Lið B
  - 11. spyrna – Lið B      12. spyrna – Lið A o.s.frv. ....

#### Viðbótartexti

- Í stað markvarðar sem reynist ófær um að halda áfram fyrir vítaspyrnukeppnina (...) en markvörðurinn sem fór út af tekur ekki frekari þátt og má ekki taka vítaspyrnu. [Ef markvörðurinn hefur þá þegar tekið spyrnu má sá sem kemur í hans stað ekki taka spyrnu fyrr en í næstu spyrnulotu.](#)

### **Skýring**

Árættar að ef markvörður hefur þegar tekið spyrnu þegar annar kemur í hans stað megi sá ekki taka spyrnu í sömu 'spyrnulotu'.

## **11. grein - Rangstaða**

### **2. Refsiverð rangstaða**

#### **Viðbótartexti**

Leikmanni, sem er í rangstöðu á þeirri stundu sem boltanum er leikið eða hann snertur \* af samherja, er aðeins refsað gerist hann virkur þátttakandi í leiknum með því að:

*\*Nota skal upphaf 'snertingar' við boltann við þetta mat (rammi-fyrir-ramma endursýning).*

### **Skýring**

Við hægjar endursýningar má gera greinarmun á milli fyrstu og síðustu snertingar við boltann og því þarf að skilgreina nákvæmlega hvenær 'snerting' telst hafa átt sér stað við boltann þegar rangstaða er metin (á við um þegar eftirlitsmenn skoða endursýningar).

### **2. Refsiverð rangstaða**

#### **Viðbótartexti**

(...)

- trufla mótherja með því að:
  - (...)
  - reyna greinilega að leika bolta sem er nálægt **honum** og hafa með því áhrif á mótherja.

### **Skýring**

Orðið 'honum' fellt út til þess að viðhalda kynhlutleysi textans.

## **12. grein - Leikbrot og óviðeigandi hegðun**

### **1. Bein aukaspyrna**

#### **Viðbótartexti**

Bein aukaspyrna er dæmd ef leikmaður gerist sekur um eitthvað af eftirfarandi brotum:

(...)

- [bítur eða hrækir til einhvers.](#)
- [hendir hlut að boltanum, mótherja eða meðlimi dómarateymisins, eða snertir boltann með hlut sem haldið er á.](#)

### **Skýring**

- Ákvæði um að bit (sjaldgæft brot) flokkist undir beinar aukaspyrnur (og tilheyrir einnig listanum um brottvísunarverð brot).
- Að henda hlut í boltann eða að snerta boltann með hlut sem haldið er á flokkast nú undir sérstakt brot og telst því ekki lengur sem hluti af því að handleika boltann. Því má nú refsa markverði fyrir slíkt brot innan eigin vítateigs.

## 2. Óbein aukaspyrna

### Breyttur texti

Markvörður telst hafa vald á boltanum þegar:

- boltinn er milli (...) eða með því að snerta hann með höndum eða handleggjum, nema þegar boltinn endurkastast ~~óvart~~ af markverðinum eða ... (...)

### Skýring

Markverðir reyna oft árangurslaust að grípa/halda/stoppa eða 'blaka' boltanum, en þar sem hér er um að ræða 'viljandi' snertingu með höndunum hafa þeir strangt til tekið stjórn að boltanum og mega þar með ekki taka hann í fangið. Þetta var ekki tilgangur þessarar lagagreinar og hefur ekki verið framfylgt. Með því að fella út orðið 'óvart' verður greinin skýrari.

## 3. Agarefsingar - Hagnaður

### Gamli textinn

*Ef dómari beitir hagnaðarreglunni vegna brots sem hefði réttlætt áminningu/brottvísun hefði leikurinn verið stöðvaður strax, ber að beita þeirri refsingu næst þegar boltinn fer úr leik, nema ef um hefur verið að ræða upplagt marktækifæri sem skilaði af sér marki, en þá ber að áminna leikmanninn fyrir óíþróttamannslega framkomu.*

### Nýi textinn

*Ef dómari beitir hagnaðarreglunni vegna brots sem hefði réttlætt áminningu/brottvísun hefði leikurinn verið stöðvaður strax, ber að beita þeirri refsingu næst þegar boltinn fer úr leik, nema ef um hefur verið að ræða upplagt marktækifæri ~~sem skilaði af sér marki~~, en þá ber að áminna leikmanninn fyrir óíþróttamannslega framkomu.*

### Skýring

Ef dómari beitir hagnaði við RUPL og mark er skorað er gula spjaldið sýnt, en strangt til tekið sögðu lögin að gefa ætti rautt spjald ef mark er ekki skorað í kjölfarið. Þessu hefur aldrei verið beitt og telst ekki 'sanngjarnt' þar sem beiting hagnaðarins þýðir að marktækifærið er enn við líði. Því er gula spjaldið sanngjarnasta refsingin hvort sem mark er skorað eða ekki.

## 3. Agarefsingar - Áminningarverð leikbrot

### Viðbótartexti

*Þegar tvö aðskilin áminningarverð leikbrot eru framin (jafnvel hvert á eftir öðru), hefur það tvær áminningar í för með sér, t.d. ef leikmaður kemur inn á leikvöllinn án heimildar og gerist þar sekur um skeytingarlausu tæklingu eða stöðvar vænlega sókn með broti á mótherja eða með hendi, o.s.frv.*

### Skýring.

Áréttar til hvaða aðgerða dómaramum ber að grípa þegar tvö augljóslega aðgreind áminningarverð brot (gult spjald) eiga sér stað og tengjast, sér í lagi þegar einhver kemur inn á leikvöllinn án heimildar (þegar hennar þarf við) og gerist í framhaldi af því sekur um áminningarvert brot. Sama grundvallarreglan gildir um brottvísunarverð leikbrot.

## 3. Agarefsingar – Leikbrot sem leiða til brottvísunar

### Viðbótartexti



Leikmanni, varamanni eða leikmanni sem skipt hefur verið út af, skal vísað af leikvelli: (...)

- hrækir að [eða bítur einhvern](#).

### **Skýring**

Að bíta er bætt við listann um brottvísunarverð brot.

## **4. Leikur hafinn að nýju eftir leikbrot og óviðeigandi hegðun**

### **Viðbótartexti**

*Ef þegar boltinn er í leik:  
(...)*

*[Ef brot er framið utan leikvallar gegn leikmanni, varamanni, leikmanni sem skipt hefur verið út af eða forráðamanni liðs brotlega leikmannsins, er leikur hafinn að nýju með óbeinni aukaspyrnu á þeirri útlínu vallarins sem er næst brotstaðnum.](#)*

*[Ef leikmaður snertir boltann með hlut sem hann heldur á í hendi sér \(skó, legghlíf o.s.frv.\) er leikur hafinn að nýju með beinni aukaspyrnu \(eða vítaspyrnu\).](#)*

### **Skýring**

Árættar:

- hvernig hefja skuli leik að nýju ef leikmaður brýtur utan leikvallar gegn einhverjum samherja sinna (þ.m.t. forráðamanni liðsins).
- að sé boltinn snertur með hlut sem haldið er á telst það vera sérstakt leikbrot, en ekki tilheyra brotinu að handleika boltann. Þetta þýðir að dæma skuli á markvörð sem gerist sekur um slíkt athæfi.

## **13. grein - Aukaspurnur**

### **1. Tvenns konar aukaspurnur**

#### **Viðbótartexti**

*Beinar og óbeinar aukaspurnur eru dæmdar liði mótherja leikmanns, [varamanns, leikmanns sem skipt hefur verið út af eða forráðamanns liðs](#), sem gerist sekur um brot á knattspyrnulögunum.*

### **Skýring**

Lögin heimila að dæmdar séu aukaspurnur á varamenn, leikmenn sem reknir hafa verið eða skipt af leikvelli og forráðamenn liðs fyrir tiltekin brot.

## **15. grein - Innkast**

### **1. Framkvæmd**

#### **Gamli textinn**

*Þegar kastarinn losar sig við boltann skal hann:*

- snúa að leikvellingum

#### **Nýi textinn**

*Þegar kastarinn losar sig við boltann skal hann:*

- [standa uppréttur og snúa að leikvellingum](#)

### **Skýring**

Árættar að að leikmenn verði að standa uppréttir þegar þeir taka innköst, þ.e. óheimilt er að sitja eða krjúpa viðá töku innkasts.